

**143. fundur Hafnarstjórnar Fjallabyggðar  
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði  
mánudaginn 29. janúar 2024 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Tómas Atli Einarsson, formaður, D lista,  
Guðmundur Gauti Sveinsson, aðalmaður, D lista,  
Ægir Bergsson, aðalmaður, A lista,  
Áslaug Inga Barðadóttir, aðalmaður, A lista,  
Jón Valgeir Baldursson, aðalmaður, H lista,  
Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar,  
Friðþjófur Jónsson, yfirhafnarvörður,  
Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar.

**Fyrir var tekið:**

**1. Aflatölur 2023 - 2301054**

*Hafnarstjóri lagði fram og fór yfir tölur um landaðan afla með samanburði við fyrra ár.*

**Niðurstaða**

*Á Siglufirði höfðu þann 31. desember 2023, 15019 tonn borist á land í 1180 löndunum, samtímatölur fyrra árs eru 15916 tonn í 1331 löndunum. Á Ólafsfirði höfðu 135 tonn borist á land í 122 löndunum, samtímatölur fyrra árs eru 411 tonn í 157 löndunum. Af aflatölum 2023 á Siglufirði eru 1395 tonn frosin rækja. Aflatölur árið 2024 frá 1. janúar til 26. janúar eru 310 tonn í 15 löndunum á Siglufirði. Samtímatölur fyrra árs eru 283 tonn í 14 löndunum. Engum afla hefur verið landað á Ólafsfirði það sem af er ári.*

**2. Samantekt frá yfirhafnarverði - 2211081**

*Yfirhafnarvörður fór yfir ýmis málefni Fjallabyggðahafna.*

**Niðurstaða**

*Hafnarstjórn þakkar yfirhafnarverði fyrir góða kynningu og felur yfirhafnarverði að láta þykktarmæla löndunarkranann við Tograbryggju og í framhaldi óska eftir tilboðum í viðgerð á krananum. Kraninn þarf að vera tilbúin til notkunar 15 mars næstkomandi. Yfirhafnarverði einnig falið að fá verð í endurbætur á fenderum á flotbryggju við innri höfn. Myndavélakerfi hefur verið pantað fyrir báðar hafnir, yfirhafnarverði falið að fá tilboð í uppsetningu á kerfinu.*

**3. Innri höfn, þekja - 2401080**

*Tilboð voru opnuð þann 23 janúar í verkefnið "Innri höfn, steypt þekja og lagnir 2024". Tvö tilboð bárust í verkefnið frá eftirtöldum aðilum:*

*Bás ehf 80.033.470*

*Sölvi Sölvason 86.071.998*

*Kostnaðaráætlun 109.960.700*

**Niðurstaða**

*Vegagerðin hefur yfirfarið tilboðin og leggur til við hafnarstjórn að samið verði við lægstbjóðanda.*

*Hafnarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti.*

**4. Fundadagatal nefnda 2024 - 2401009**

*Tillaga að fundadagatali nefnda, stjórn og ráða á vegum Fjallabyggðar fyrir árið 2024 lagt fram til yfirferðar.*

**Niðurstaða**

*Hafnarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti.*

**5. Trúnaðarmál - 2401079**

**Niðurstaða**

*Niðurstaða færð í trúnaðarbók.*

**6. Fjallabyggðarhafnir önnur mál 2024 - 2401078**

**7. Fundargerðir Hafnasambands Íslands 2023. - 2301017**

**Niðurstaða**

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Deiliskipulag hafnar- og athafnasvæðis á Siglufirði - 2111057**

**Niðurstaða**

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Breyting á aðalskipulagi Fjallabyggðar - hafnarsvæðið Siglufirði - 2310071**

**Niðurstaða**

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Siglingavernd 2024 - 2401023**

**Niðurstaða**

*Lagt fram til kynningar.*

**11. Hafnasambandsþing 2024 - 2401043**

*Hafnasambandsþing Hafnasambands Íslands verður haldið 24.-25. október 2024 á Akureyri.*

**Niðurstaða**

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05.**

---

Tómas Atli Einarsson

---

Guðmundur Gauti Sveinsson

---

Ægir Bergsson

---

Áslaug Inga Barðadóttir

---

Jón Valgeir Baldursson

---

Friðþjófur Jónsson